



# Keppnisgreinarreglur fyrir gokart

Orðskýringar skáletraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef *AKÍS* [www.akis.is](http://www.akis.is)

# 2022



## GREIN 1 ALMENNT

### GREIN 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Reglur þessar gilda fyrir allar *keppni* í gokart.

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi og flokkareglum í *keppnum* öðrum en Íslandsmeistarakeppnum.

1.1.2 *Keppni* eru haldnar samkvæmt *Reglubók FIA* (e. International Sporting Code (ISC)), *keppnisreglum FIA*, þessum *keppnisgreinareglum* og *sérreglum* hverrar *keppni*.

1.1.3 Gæti misræmis á þessum *keppnisgreinareglum* og *keppnisreglum*- eða *Reglubók FIA* þá gilda reglur *FIA*.

## GREIN 2 SKRÁNING

### GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

2.1.1 *Keppendum* er heimilt að skrá sig mörgum sinnum í hvern flokk í hverri *keppni*.

2.1.2 Ekki er heimilt að tveir eða fleiri *ökumenn* keppi á sama *ökutæki* í hverri *keppni*.

2.1.2.a Hver *ökumaður* má aðeins aka einu *ökutæki* í hverjum flokki.

2.1.3 *Ökumaður* skal hafa mætt á að lágmarki 1 æfingu á þeirri *braut* sem *keppni* fer fram á. Keppnisstjóra er heimilt að falla frá þessari reglu.

2.1.4 Í unglingsflokkum skal *ökumaður* hafa náð 10 ára aldri til að keppa.

2.1.4.a *Ökumaður* sem verður 17 ára á keppnistímabilinu má aka í unglingsflokk.

### GREIN 2.2 ÖKUTÆKI

2.2.1 Hvert *ökutæki* má aðeins nota í einum flokk í hverri *keppni*.

2.2.2 Ekki er heimilt að skipta út *ökutæki* í *keppni* eftir að skoðun lýkur.

2.2.3 *Ökutæki* skal uppfylla allar kröfur þess flokks sem það er notað í.

2.2.4 *Ökutæki* skal ávallt vera hreint í *keppni*.

## GREIN 3 KEPPNI

### GREIN 3.1 ALMENNT

3.1.1 Á meðan á *keppni* stendur má einungis *ökumaður* vera í *ökutækinu*.

3.1.3 *Keppandi*, *ökumaður* eða liðstjóri skal alltaf vera við *ökutæki* meðan *keppni* fer fram.

3.1.4 *Keppandi* má hafa tvo aðstoðarmenn inni á pittsvæði og ber á þeim fulla ábyrgð.

3.1.4.a *Keppnishaldara* er heimilt að leyfa fleiri aðstoðarmenn á þeim forsendum sem hann ákveður.

### GREIN 3.2 BRAUTIN

3.2.1 *Braut* í *keppni* skal vera malbikuð með hægri og vinstri beygjum.

3.2.2 Brautarlengd skal vera að lágmarki 500 metrar og breidd *brautar* skal vera að lágmarki 5 metrar.

### GREIN 3.3 PITTURINN

3.3.1 Afmarka skal svæði fyrir pitt þar sem *ökutæki* skulu vera á milli þess sem þau keppa.

3.3.2 Pittsvæðið skal vera vel merkt og staðsett þannig að frá því sé auðvelt að komast á og af *brautinni*.

3.3.3 Inn- og útkeyrsla af pittsvæði skal merkt með skýrum hætti.



**3.3.4** Pittur skal vera það stór að þar sé pláss fyrir öll *ökutæki*, alla *keppendur*, *ökumenn*, þjónustuliða, brautarstarfsmenn, gesti o.s.frv.

**3.3.5** Innan pittsins skal afmarka einn reit fyrir hvert *ökutæki* og þjónustulið þess sem það hefur til afnota.

**3.3.5.a** *Ökumaður* skal aka beint í og úr sínu afmarkaða svæði í pittinum og forðast að koma í svæði annarra *ökutækja* en síns eigin.

**3.3.6** Dekkjahitun og spól er stranglega bannað á pittsvæði.

**3.3.7** Á pittsvæði er 5 km/klst hámarkshraði og skal aka þar með fyllstu gát.

## GREIN 3.4 SKOÐUN

**3.4.1** Skoðun skal fara fram áður en *keppni* hefst.

**3.4.1.a** *Ökumaður* skal vera við *ökutæki* sitt meðan skoðun fer fram.

**3.4.2** Við skoðun skal *ökumaður* vera í keppnisgalla og með allan persónulegan öryggisbúnað með sér.

**3.4.3** Eftirfarandi verður athugað við skoðun:

**3.4.3.a** Öryggisbúnaður *ökumanns* (hjálmur, kragi, galli, rifbeinahlíf, skór og hanskar).

**3.4.3.b** Almenn ástand *ökutækis*.

**3.4.3.c** Fótstig, bremsur, hjól, hjólbarðar, stýrisbúnaður, sæti, plöst og bensíntankur.

**3.4.3.d** Mótör, mótörfestingar, vatnskassi og púst.

**3.4.3.e** Númer og númeraplötur.

**3.4.3.f** Þyngingar og festingar þeirra.

**3.4.3.g** Þyngd *ökutækis* og *ökumanns* skal staðfest með vigtun.

**3.4.4** Standist búnaður *ökumanns* og *ökutækis* ekki skoðun má vísa úr *keppni* án fyrirvara.

## GREIN 4 KEPPNISFYRIRKOMULAG ÍSLANDSMÓTS

### GREIN 4.1 ÆFING

**4.1.1** Akstur hefst með æfingu:

**4.1.1.a** Æfing skal standa í 50 mínútur.

**4.1.1.b** Allir *ökumenn* skulu taka þátt í æfingu.

**4.1.2** Keppnisstjóri getur veitt undanþágu frá æfingum.

### GREIN 4.2 TÍMATAKA

**4.2.1** Tímataka hefst að lokinni æfingu.

**4.2.1.a** Tímataka skal standa í 20 mínútur.

### GREIN 4.3 UPPRÖÐUN

**4.3.1** Uppröðun á ráslínu í keppnislotum:

**4.3.1.a** Í fyrstu keppnislotu skulu tímar úr tímatöku ráða valrétti á rásstöðu í *braut*.

**4.3.1.b** Í annarri keppnislotu ræðst valréttur á rásstöðu í *braut* af *lokaúrslitum* í fyrstu keppnislotu.

**4.3.1.c** Í þriðju keppnislotu ræðst valréttur á rásstöðu í *braut* af *lokaúrslitum* í annarri keppnislotu.

**4.3.2** Þegar raðað er upp á ráslínu skulu *ökumenn* mæta á sína rásstöðu.

**4.3.2.a** Mæti *ökumaður* seint á sína rásstöðu hefur hann 30 sekúndur til að koma sér þangað eftir að síðasti *ökumaður* hefur stillt upp.

**4.3.2.b** Mæti *ökumaður* ekki innan tímamarka skal hann ræsa úr pittinum þegar allir aðrir *ökumenn* hafa farið framhjá.



**4.3.3** Ökumenn sem ekki taka þátt í tímatöku ræsa aftast í fyrstu keppnislotu og ræður keppnisstjóri rásstöðu þeirra.

#### **GREIN 4.4 RÆSING**

**4.4.1** Ræsir skal vera staðsettur þannig að allir *ökumenn* sjái hann greinilega.

**4.4.2** Keppnisstjóri ákveður fjölda upphitunarhringja.

**4.4.2.a** Upphitunarhringir hefjast þegar ræsir lyftir grænu flaggi.

**4.4.2.b** Ekinn skal a.m.k. einn upphitunarhringur fyrir *ræsingu*.

**4.4.3** Ræsir skal *ræsa ökutæki* strax eftir upphitunarhringi með grænu flaggi.

**4.4.3.a** *Ræsing á ferð* er framkvæmd án undanfara frá rásþól og er *ökutækjum* ætlað að aka fyrir eigin vélarafli að ráslínu í rétttri rásröð.

**4.4.3.b** Ef *ökumenn* eru ekki á hæfilegum hraða og þétting ekki hæfileg milli *ökumanna* getur ræsir seinkað *ræsingu* þar til því er náð.

#### **GREIN 4.5 KEPPNISLOTUR**

**4.5.1** Eknar skulu þrjár 10 mínútna keppnislotur.

**4.5.2** Keppnislota hefst þegar ræsir fellir græna flaggið.

**4.5.3** Keppnislotu er lokið þegar allir *ökumenn* hafa verið flaggaðir út með köflóttu flaggi.

**4.5.4** *Ökumaður* telst hafa lokið keppnislotu þegar hann ekur yfir *marklínu* og er flaggaður út með köflóttu flaggi.

**4.5.5** Ef *ökumaður* stoppar í pít vegna bilana en heldur síðan áfram og klárar keppnislotu þarf hann að hafa ekið 70% þeirra hringja sem sigurvegari ók til að fá stig fyrir keppnislotuna.

**4.5.6** Einungis þeir *ökumenn* sem ljúka keppnislotu fá stig.

#### **GREIN 4.6 ÚRSLIT**

**4.6.1** Stig eru gefin fyrir tíu fyrstu sæti skv. lokaúrslitum í hverri keppnislotu samkvæmt eftirfarandi töflu:

1. sæti : 12 stig
2. sæti : 10 stig
3. sæti : 8 stig
4. sæti : 7 stig
5. sæti : 6 stig
6. sæti : 5 stig
7. sæti : 4 stig
8. sæti : 3 stig
9. sæti : 2 stig
10. sæti : 1 stig

**4.6.2** *Lokaúrslit* skulu birt eftir hverja keppnislotu.

**4.6.3** Sigurvegari *keppni* telst sá vera sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum keppnislotunum.

**4.6.4** Ef tveir eða fleiri *ökumenn* eru jafnir að stigum eftir allar keppnisloturnar, telst sá sigurvegari sem stóð sig best í síðustu keppnislotu *keppinnar*.



## GREIN 4.7 STIG TIL ÍSLANDSMEISTARA

**4.7.1** Sá ökumaður sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum *keppnum* til Íslandsmeistara telst Íslandsmeistari en með neðangreindu fráviki.

**4.7.1.a** Séu þrjár keppnir eða fleiri telja allar keppnislotur til stiga nema ein.

**4.7.2** Ef tveir eða fleiri eru með jafnmörg stig í efsta sæti telst sá Íslandsmeistari:

**4.7.2.a** sem oftast hefur verið í fyrsta sæti lokaúrslitum keppni, ef enn er jafnt þá sá sem oftast hefur verið í öðru sæti í lokaúrslitum keppni, ef enn er jafnt þá sá sem oftast hefur verið í þriðja sæti í lokaúrslitum keppni o.s.frv.

**4.7.2.b** sé enn er jafnt telst sá Íslandsmeistari sem hefur unnið fleiri keppnislotur í *móti*.

**4.7.2.c** sé enn jafnt telst sá Íslandsmeistari sem hefur oftast verið ofar í tímatökum í *keppni*.

## GREIN 5 ÖRYGGISMÁL

### GREIN 5.1 PERSÓNULEGUR BÚNAÐUR ÖKUMANNA

**5.1.1** Ökumenn skulu vera í viðurkenndum keppnisgalla.

**5.1.1.a** Ekki má prenta auglýsingar beint á keppnisgallann eða sauma í hann nema af framleiðanda hans.

**5.1.2** Ökumenn skulu jafnframt nota viðurkennda hanska, hálskraga, skó og rifbeinshlíf.

**5.1.3** Fyrir öll hlífðarföt gildir að þau skulu formuð og sniðin þannig að þau skýli vel öllum líkamanum þar á meðal hnakka, ristum og úlnliðum.

**5.1.4** Hjálmur skulu uppfylla staðla samkvæmt reglum AKÍS / CIK-FIA

**5.1.5** Myndavélar eða annar aukabúnaður festur á hjálm eða *ökumann* á annan hátt er bannaður.

### GREIN 5.2 BRAUTARVERÐIR

**5.2.1** Brautarverðir skulu staðsettir við alla *brautina* þannig að hver brautarvörður sjái til næsta brautarvarðar á báðar hendur sér öllum stundum.

**5.2.2** Hver brautarvörður skal hafa hjá sér:

**5.2.2.a** slökkvitæki nema þau séu staðsett í sérstökum öryggisbíl(um);

**5.2.2.b** eitt af hverju flaggi sem reglur kveða á um að geti verið notað.

**5.2.3** Brautarvörður skal nota flögg eins og kveðið er á um í reglum.

### GREIN 5.3 ÖRYGGISBÚNAÐUR VIÐ BRAUTINA

**5.3.1** Slökkvitæki skulu staðsett við allar flaggarastöðvar eða í öryggisbifreið(um) við *brautina* þannig að tryggt sé að viðbragð við eldi sé skjótt.

## GREIN 6 KEPPNISFLOKKAR

### GREIN 6.1 REGLUR SEM GILDA FYRIR ALLA FLOKKA

**6.1.1** Keppnisstjórn er heimilt að færa *keppendur* um flokk fram að *ræsingu* fyrstu ferðar í tímatöku.

**6.1.2** Reglur fyrir alla mótora eru *Rotax MAX Challenge Technical Regulation*.

**6.1.3** Grind *ökutækis*: Gerð fyrir 125cc mótora og fjöldaframleidd af CIK-FIA viðurkenndum framleiðanda.

**6.1.4** Afturstuðari skal vera að lágmarki 120 sentimetrar á breidd.

**6.1.5** Hámarks breidd *ökutækis* er 140 sentimetrar.

**6.1.6** Plöst skulu vera óbrotin og tryggilega fest.

**6.1.7** *Keppnisnúmer* skal vera staðsett að framan, aftan og á báðum hliðum.

**6.1.8** Bremsur skulu einungis vera á afturöxli.

**6.1.9** Auka þyngingar skulu festar tryggilega.



**6.1.10** Dekk skulu vera af VEGA gerð.

**6.1.10.a** Slikkar skulu vera af gerðinni: FH, SL3 - SL Nordam, SL4 eða SL6

**6.1.10.b** Regndekk skulu vera af gerðinni: W2 eða W5.

**6.1.10.c** Notkun efna sem auka mýkt og grip dekkjanna er bönnuð.

**6.1.11** Talstöðvasamband við *ökumann* er bannað.

## **GREIN 6.2 ROTAX MAX FLOKKUR**

**6.2.1** Lágmarksþyngd *ökutækis* og *ökumanns* á ráslínu er 165 kílógrömm.

## **GREIN 6.3 ROTAX MAX 177 FLOKKUR**

**6.3.1** Lágmarksþyngd *ökutækis* og *ökumanns* á ráslínu er 177 kílógrömm.

## **GREIN 6.4 ROTAX MAX EVO FLOKKUR**

**6.4.1** Lágmarksþyngd *ökutækis* og *ökumanns* á ráslínu er 165 kílógrömm.

## **GREIN 6.5 UNGLINGAFLOKKUR**

**6.5.1** Unglingaflokk er skipt eftir aldri:

**6.5.1.a** 10 - 11 ára á keppnistímabilinu

**6.5.1.b** 12 - 13 ára á keppnistímabilinu

**6.5.1.c** 14 - 15 ára á keppnistímabilinu

**6.5.1.d** 16 - 17 ára á keppnistímabilinu